



Móttökuáætlun barna

Vinátta – Virðing – Vinsemd

Upplýsingar um aðlögun fyrir starfsmenn

Í leikskólanum Sólvöllum er notast við þátttökuaðlögun. Þá eru foreldrar þátttakendur í starfi deildarinnar frá fyrsta degi og fá þannig reynslu af skipulagi starfseminnar. Aðlögunin byggist á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin forvitni og öryggiskennd yfir til barna sinna. Með því að foreldrar séu virkir þátttakendur í starfi leikskólans öðlist þeir öryggi um dagsskipulagið og því sem á sér stað í leikskólanum.

Því þurfum við sem starfsmenn að huga ekki síður vel að foreldrum/forráðamönnum meðan á aðlöguninni stendur, að þau upplifi sig velkomin, vel upplýst og örugg.

Foreldrar sinna börnum sínum meðan aðlögun fer fram. Starfsfólk tekur einnig þátt en það skipuleggur daginn og deilir verkefnum.

Í upphafi aðlögunar koma foreldrar á fund með deildarstjóra þar sem þeim er kynntur leikskólinn og starfsemin sem þar fer fram. Aðlögunin fer síðan fram með eftirfarandi hætti:

- ❖ Dagur 1: Barn og foreldri mæta kl. 9, borða hádegismat og fara heim að honum loknum um kl. 11:30.
- ❖ Dagur 2: Barn og foreldri mæta kl. 9 og eru í leikskólanum til kl. 15 eða þegar kaffitíma lýkur.
- ❖ Dagur 3: Barn og foreldri mæta kl. 8 og eru í leikskóla þar til kl. 15.

Deildarstjóri ásamt foreldrum gera skipulag með fjórða daginn, í einhverjum tilfellum þarf barn að hafa foreldri hjá sér að hluta til eða alveg fimmta daginn og er það þá metið með foreldrum. Með þessu fyrirkomulagi fá foreldrar tækifæri til þess að kynna hvern öðru, starfsfólk og sjá það í verki og öðlast skilning á þeim raunveruleika sem börnin upplifa innan leikskólans á hverjum degi.

Fyrsta viðtal hjá deildarstjóra

Við upphaf leikskólagöngu eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í samtali þar sem starfsemi leikskólans, húsakynni og kennarar eru kynntir.

Deildarstjóri sér um að bóka foreldra/forráðamenn í viðtali.

Gátlisti fyrir fyrsta samtali:

- ❖ Foreldrar boðnir velkomnir og starfsfólk deildarinnar kynnt.
- ❖ Rætt um að betra sé að einn aðili fylgi barninu í aðlögun.
- ❖ Dvalarsamningur gerður og afhentur spurningalisti
- ❖ Farið yfir það að ekki sé hægt að koma með barnið kl. 7:45 fyrstu vikunnar (sé það skráður dvalartími) meðan barnið er að aðlagast. Deildarstjóri lætur vita og metur hvenær hægt er að mæta fyrir kl. 8.
- ❖ Farið yfir dagskipulag og það útskýrt fyrir foreldrum.
- ❖ Farið yfir hvernig aðlögun er háttað.
- ❖ Karellen appið kynnt og foreldrum afhent lykilorð.
- ❖ Kynning á leikskólanum, starfsháttum og foreldrum sýnd leikskólabyggingin.
- ❖ Farið yfir matartímann þar sem börn eru hvött til sjálfshjálpar og að smakka allan mat.
- ❖ Útivera útskýrð og mikilvægi þess að vera með útifatnað við hæfi og að fylla á aukaföt.
- ❖ Rætt um mikilvægi þess að eiga góð foreldrasamskipti, gagnvæm upplýsingagjöf og sagt frá því að allir starfsmenn séu bundnir þagnarskyldu.
- ❖ Rætt um það hvort foreldrar vilja sjálfir koma með bleyju eða fá bleyju á leikskólanum skv. gjaldskrá.

Gátlisti fyrir deildarstjóra fyrir þátttökuaðlögun

- ❖ Senda tölvupóst til foreldra og tilgreina hvenær aðlögun hefst og boða í fyrsta viðtal.

- ❖ Prenta út öll þau gögn sem þarf að afhenda foreldrum í viðtalinu:
 - o Foreldrahandbók
 - o Þagnarskyldu eyðublað
 - o Upplýsingar varðandi veikindi barna
 - o Samþykki fyrir myndatöku leikskóla og birtingu myndefnis
 - o Upplýsingar um málörvun og máltöku
 - o Upplýsingablað um deildina
 - o Prenta út dvalarsamning

- ❖ Útbúa lykilorð í Karellen fyrir foreldra/forráðamenn.

- ❖ Þanta túlk ef þörf er á.

- ❖ Merkja hólf og útbúa ferilmöppu

- ❖ Vera jákvæður og lausnamiðaður og skapa þannig gott fordæmi í samskiptum.

Aðlögun barna af erlendum uppruna

Að byrja í leikskóla er stórt skref í lífi hvers barns, það er enn erfiðara fyrir börn sem eiga ekki íslensku að móðurmáli. Því er mikilvægt að leikskólinn sé vel undirbúinn og umhverfið sé hvetjandi og hlýlegt. Því betur sem tekst til því öruggara verður barnið að reyna sig áfram með íslenskuna. Um leið og sjálfstraust barnsins eykst fer það að kanna umhverfi sitt.

Í leikskólanum er til lítil bók með myndum af leikskólanum, deildinni og kennurum barnsins sem foreldrum er afhent í fyrsta viðtali áður en aðlögun hefst. Þannig getur barnið skoðað myndir af leikskólanum og rætt þær við foreldra sína.

Þættir sem þarf að hafa í huga við aðlögun tvítyngdra barna:

- Hversu lengi hefur barnið dvalið á Íslandi.
- Fyrri reynsla af því að vera frá foreldrum.
- Heimilisaðstæður og stuðningur fjölskyldu.
- Persónuleiki barns og sjálfstraust.

Einstaklingsmiða þarf hverja aðlögun, stundum þarf aðlögun að fara hægar í aðlögun.

Mikilvægt er að foreldrar tali sitt móðurmál við barnið. Það er mikilvægur grunnur fyrir því að læra önnur tungumál og kunnátta í því veitir barninu öryggi.

Tengslamyndun og aðlögun

Það er mikilvægt að við séum meðvituð um að börnin og foreldrarnir séu að aðlagast vel. Að byrja í leikskóla er eins og áður kom fram stórt skref. Kristín Dýrfjörð hefur víðamikla reynslu af leikskóla starfi, á vef hennar kemur eftirfarandi fram

Nýrri rannsóknir benda líka til þess að börn sem ekki mynda örugg tengsl við umönnunaraðila beri skarðan hlut frá borði. Í nýlegri breskri samantekt á rannsóknum um tengslamyndun voru niðurstöður í þá átt að um 40% barna í Bretlandi búi við lélega tengslamyndun (Moullin, Waldfogel og Washbrook, 2014).

Niðurstöðurnar eru áhyggjuefni m.a. vegna áhrifa á framtíðarmöguleika barna. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni eru börn sem búa við tengsla skerðingar líklegri til að vera ofvirk, eiga í ýmsum hegðunarerfiðleikum og seinna yfirgefa skóla á miðri leið. Þar kemur líka fram að hægt sé að tengja saman tengsla skerðingar við lélegri málþroska, félagsþroska og að örugg börn eru líklegri til að búa yfir meiri seiglu, vera ónæmari fyrir óstöðuleika í fjölskyldum sem og streitu foreldra og þunglyndi.

Kristín Dýrfjörð. (2017, 15. desember). 2. Aðlögun – upphaf leikskólagöngu.

<https://www.laupur.is/portfolio-item/hefðbundin-adlogun-adlogun-4/>

Móttökuáætlun - skipurit

Móttökuáætlun nýrra barna í leikskólann Sólvelli

Foreldrar fá tilkynningu um að barn þeirra hafi fengið úthlutað leikskólaplássi í leikskólanum. Svar sendist sjálfkrafa úr Karellen kerfinu þegar umsókn er samþykkt.

Deildarstjóri hefur samband við foreldra í gegnum tölvupóst eða síma og lætur vita hvenær aðlögun hefst og boðar í fyrsta viðtal.

Deildarstjóri fer yfir móttökuáætlun barna og gæta þess að búið sé að gera öll þau atriði sem nefnd eru á gátlista fyrir deildarstjóra.

Foreldrum er boðið í fyrsta viðtal hjá deildastjóra þar sem farið er yfir þá þætti sem nefndir eru á gátlista fyrir fyrsta viðtal.

Þáttökuaðlögun hefst.

